

Bæjarráð - FW: Kirkjugarðar

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð - FW: Kirkjugarðar
Málsnúmer : 2013100065
Málsaðili : Sóknarnefnd Ísafjarðarsóknar
Skráð dags : 04.05.2017 14:06:39
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

From: fagraholt12@simnet.is [mailto:fagraholt12@simnet.is]

Sent: 18. apríl 2017 11:51

To: Gísli Halldór Halldórsson

Subject: Kirkjugarðar

Sæll Gísli

Fyrir áramót ræddi ég við þig kirkjugarðana hér í bænum og vandamál við umhirðu. Nú styttist í sumarið og þar með að garðvinnan hefjist. Það sem við ræddum var að Ísafjarðarbæjr lánaði Sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju garðyrkjustjórann sinn endurgjaldslaust til að fara yfir garðana með starfsmanni og sóknarnefnd og gera áætlun um hvernig best væri að haga umhirðu í öllum gördunum þannig að sómi sé að fyrir Ísafjarðarsókn og bæinn.

Er mögulega hægt að gera þetta nú í fyrri hluta maí?

Í fyrrasumar bárust kvartanir frá bæjarbúum sem fannst garðarnir ekki í góðu standi. Það er eitthvað sem við viljum bæta eftir því sem hægt er en erfið fjárhagsstaða setur óneitanlega nokkrar skorður með það. Við teljum hinsvegar að með betra skipulagi og verkáætlun megi bæta ýmislegt og þessvegna óskum við eftir aðstoð fagmanns.

Það er gaman að segja frá því að í vetur fékkst styrkur frá kirkjugarðasjóði vegna kirkjugarðsins á Eyrinni og er nú verið að vinna undirbúningsstarf og síðar verk- og kostnaðaráætlun um hvernig hægt er að koma honum í gótt horf. Í byrjun júní verður aðalfundur kirkjugarðasambands Íslands hér á Ísafirði og mun Erla ... landslagsarkitekt vera með erindi um garðinn þar en hún er að vinna þá vinnu sem styrkurinn fer í.

Það er því einnig mikilvægt að kirkjugarðarnir séu í standi þegar þessi fundur verður haldinn hér og okkur til sóma.

KVeðja

Sigga Lára formaður sóknarnefndar